



KNATTSPYRNUFÉLAG FJARÐABYGGÐAR

Fjarðabyggð - Gróttá

2. deild karla

Eskjuvöllur

15. september 2018

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA LIÐIÐ



LANDSBANKINN
HÓTEL CAPITANO
SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR
TM
OLÍS
ÞVOTTABJÖRN
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
BÍLALEIGA AKUREYRAR
ORKUSALAN
LAUNAFL
AUSTFJARÐALEIÐ
ÍSLANDBANKI
EFLA, VERKFRÆÐISTOFA
KAFFIHÚS ESKIFJARÐAR
ICELANDAIR
VÍS
SAMHENTIR, UMBÚÐALAUSNIR
SALTKAUP
SJÓVÁ
FISKMIÐ
EIMSKIP
EGERSUND
ARION BANKI
VHE
GP SÓNAR
SAMSKIP
BRAMMER
RARIK

FJARÐABYGGÐ - GRÓTTA

Góðan daginn kærur áhorfendur og verið velkomnir á síðasta heimaleik tímabilsins, gegn Gróttu af Seltjarnarnesi. Þetta tímabil er búið að vera sérstakt að mörgu leiti, og ekki bara hjá Fjarðabyggð heldur í 2. deildinni. Það er þó óhætt að segja að okkar menn hafa verið mikið fjær vandræðum en sparspekúlantar þjuggust við og er það eitthvað til að byggja á. Um tíma var liðið í bullandi séns á að blanda sér í baráttu með að komast upp um deild en helltist úr lestinni á lokametrunum og reyndist gott lið fyrir hjartveika: Ekkert stress, hvorki á toppi né á botni, og siglir liðið lygnan sjó um miðja deild.

Gróttu menn voru hrikalega lengi í gang og virtust engan veginn ætla að standa undir væntingum en náðu síðan gríðarlega öflugum kafla og eru í dauðafæri á að komast upp um deild. Fjarðabyggð og Gróttu hafa fylgst af mörg tímabil og oft andað köldu á milli þessara liða. Þjálfari Gróttu, Óskar Hrafn Þorvaldsson, sagði um daginn að landsbyggðin væri oft óhefluð í köllum sínum inn á völlinn. Ekki vitum við hvernig stemningin hefur verið á Nesinu í sumar en þeir voru nú hreint ekki með kirkjusöngva um árið.

Styðjum nú okkar menn og hvetjum Fjarðabyggð til sigurs! Áfram Fjarðabyggð!

Fjarðabyggð

- Milos Peric (m)
 - Marinó Máni Atlason
 - Hafþór Ingólfsson
 - Milos Vasiljevic
 - Mate Coric
 - Nikola Kristinn Stojanovic
 - Javier Angel Del Cueto Chocano
 - Jóhann Ragnar Benediktsson
 - Pálmi Þór Jónasson
 - Aleksandar Stojkovic
 - Adam Örn Guðmundsson
 - Hákon Huldar Hákonarson
 - Milan Stavric
 - Filip Marcin Sakaluk
 - Stefán Bjarki Cekic
 - Aron Sigurvinsson
 - Marinó Snær Birgisson
 - Mikael Natan Róbertsson
 - Páll Hróar Beck Helgason
 - Hákon Ívar Ólafsson
 - Jose Gabriel Pinera Hortelano
 - Alexander Freyr Sigurðsson (m)
- Andri Þór Magnússon
Haraldur Þór Guðmundsson
Sveinn Marinó Larsen

Þjálfari: Dragan Stojanovic

Aðstoðarþjálfari: Þórður Vilberg Guðmundsson

Gróttu

- Hákon Rafn Valdimarsson (M)
- Arnar Þór Helgason
- Pétur Theódór Árnason
- Júlí Karlsson
- Kristófer Orri Pétursson
- Halldór Kristján Baldursson (F)
- Sindri Már Friðriksson
- Axel Freyr Harðarson
- Valtýr Már Michaelsson
- Dagur Guðjónsson
- Óliver Dagur Thorlacius

Varamenn:

- Jón Ívan Rivine (M)
- Sigurvin Reynisson
- Sölvi Björnsson
- Daði Már Patrekur Jóhannsson
- Bjarni Rögnvaldsson
- Agnar Guðjónsson
- Leifur Þorbjarnarson

Þjálfari: Óskar Hrafn Þorvaldsson

Ath. Miðað er við leikskýrslu síðasta leiks Gróttu

GAMLI LEIKURINN: PISTILL FRÁ HELGA SELJAN

Risarnir frá Neskaupstað og ég

Ég var góður í fótbolta. Mjög. Alveg þangað til völlurinn stækkaði; mörkin víkkuðu og leikurinn krafðist þess að menn hefðu á honum skilning. Þá varð ég bara lélegur. Í 7., 6. og 5. flokki var þetta ekkert mál. En svo kom fjórði flokkur.

Ég spilaði fyrsta leikinn minn með 4. flokki þegar ég var enn á yngra ári í 5. flokki. Einungis þrír leikmenn fjórða flokks Vals voru með aldur til að spila leikinn. Restin voru svo við í 5. flokki. Leikurinn var á gamla vellinum heima á Oddnýjarhæðinni. Mölinni. Ég skil eiginlega ekki enn hvernig við komumst lifandi frá leiknum. Andstæðingar okkar Valsmanna voru Norðfirðingar. Þróttur. Þar vantaði aldrei menn. Og þegar ég segi menn, meina ég menn. Ég er viss um að helmingur liðsins hafði byrjað daginn á raka sig. Hinn helmingurinn var að safna skeggi.

Við börnin stilltum okkur upp í stöður í byrjun leiks. Norðfirðingar byrjuðu með boltann. Þrjár miðjur áttu eftir að verða teknar áður en við snertum boltann í fyrsta sinn. Ég fór á vinstri kantinum. Gæinn sem dekkaði mig var helmingi stærri og breiðari en ég. Ég hafði hins vegar skap. Eftir að hann hafði sett í mig axlirnar tvisvar og hent mér lang leiðina niður að skóla ákvað ég að fokka honum upp. Hann fékk boltann og ég renndi mér þvert í veg fyrir hann. Hann var svo skreflangur að ég rann bara í gegnum klofið á honum og út af. Í minningunni var ég hálfvegis staðinn upp þegar ég rann á milli fóta hans. Það skipti engu.



Í stöðunni 11-0 í miðjum seinni hálfleik höfðu þrír strákar úr okkar liði farið út af. Einn með heilahristing eftir að hafa reynt að verja skot á línu frá einhverjum beljakanum norðfirska. Hinir tveir báðu um skiptingu. Annar þeirra reyndar alls ekki. Hann bara gekk út af og upp brekkuna inn í bíl hjá mömmu sinni og þaðan trúlegast heim. Hann spilaði aldrei fótbolta aftur. Ég fékk boltann á kantinum vinstra megin, á okkar vallarhelmingi (hvar leikurinn hafði allur farið fram þann hálfleikinn). Kloflangi risinn hafði gleymt mér og ég rauk af stað upp kantinn. Smám saman varð mér ljóst að hann var að draga á mig. Ég heyrði það og fann. Jörðin titraði undan hverju skrefi hans. Svo heyrði ég hvernig hann renndi sér af stað á eftir mér. Ég held að ég hafi bara lokað augunum og reynt að hlaupa. Einhver sagði að ég hefði stökkið upp úr tæklingunni og notað enni risans til að spyrna mér áfram fram úr honum. En ég var alla vega kominn langleiðina upp að miðjum vallarhelmingi Þróttara þegar ég sá liðsfélaga minn hlaupa á milli bakvarða Norðfjarðarliðsins (það glitti í han undir skósólum þeirra þar sem þeir hlupu til baka). Ég er réttfættur en í eitt andartak var ég það ekki. Ég sendi boltann með vinstri í fallegum boga inn

fyrir vörn Þróttar; fram fyrir vinstri bakvörðinn og beint í fætur liðsfélaga míns sem smellhitti hann í vinkilinn fram hjá markmanni Þróttar.

Leikurinn endaði 1-12 fyrir okkur í minningunni. Ég gat aldrei aftur beitt vinstri fætinum svona. Ég gat aldrei neitt í fótbolta eftir þetta. Kláraði mig gegn ofvöxnum Norðfirðingum.



Að lokum legg ég til að knattspyrnufélagið Fjarðaybyggð taki sér nafnið Austri.

